

Svalbarðseyri 20.11.2013

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.  
Þingskjal 70 – 70.mál

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar að tímabært sé að útfæra í lögum réttindi og skyldur foreldra sem fara með skipt forræði barna sinna. Tryggja þarf að báðir foreldrar njóti sömu réttinda hvað varðar fjárstuðning og félagslega aðstoð. Sveitarstjórn telur mikilvægt að löggjafinn styðji foreldra sem kjósa sameiginlega forsjá og ábyrgð á uppeldi barna sinna. Sveitarstjórn bendir á að huga þarf sérstaklega að skólasókn barns með jafna búsetu / tvöfalda lögheimilisskráningu og tryggja að búsetuformið komi ekki niður á samfellu í námi og möguleikum barns á að sækja einn skóla t.d. ef foreldrar eru með lögheimili í sitt hvoru sveitarfélaginu.

Einnig mætti velta upp möguleika á annars konar skiptingu forræðis ef búseta hamlar daglegum samskiptum kjósi foreldrar að semja um slíkt, skiptingu sem gæti t.d. tekið mið af skólafríum.

Fyrir hönd Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps.

Jón Hrói Finnsson

Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps

Ráðhúsinu Svalbarðseyri